

EBITDA 1.401 millj. kr. á 1F 2023
Helstu niðurstöður

- Vörusala nam 29.484 millj. kr. samanborið við 24.572 millj. kr. árið áður og jókst um 20,0% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.227 millj. kr. og jókst 493 millj. kr. eða 8,6% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 21,1% og lækkar um 2,2 p.p. og um 0,5 p.p. frá síðasta ársfjórðungi. Áframhaldandi þrýstingur á framlegðarstig í öllum vöruflokkum.
- Laun og starfsmannakostnaður eykst um 22,2% milli ára en stöðugildum fjölgar um 12,2% milli ára vegna opunar nýrra verslana á síðasta ári.
- EBITDA nam 1.401 millj. kr. samanborið við 1.749 millj. kr. á 1F 2022, sem jafngildir 19,9% lækkun milli ára.
- Eigið fé í lok 1F 2023 nam 32.905 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 34,9% samanborið við 36,9% í árslok 2022.
- EBITDA afkomuspá fyrir árið er óbreytt og nemur 9.750 – 10.250 millj. kr.

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Vöru- og þjónustusala	29.484	24.572	4.912	20,0%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.227	5.734	493	8,6%
Aðrar rekstrartekjur	497	431	66	15,4%
EBITDA	1.401	1.749	-348	-19,9%
EBIT	473	951	-479	-50,3%
EBT	-172	572	-744	-130,0%
Hagnaður tímabilsins	-91	476	-567	-119,1%
Efnahagsreikningur	31.3.2023	31.12.2022	Breyt.	% Breyt.
Birgðir	14.197	13.086	1.112	8,5%
Viðskiptakröfur	5.794	5.960	-166	-2,8%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	30.119	30.014	105	0,4%
Handbært fé	1.823	2.112	-289	-13,7%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	28.296	27.902	394	1,4%
Eiginfjárhlutfall	34,9%	36,9%	-2,0 p.p.	-5,3%
Sjóðstreymi	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	1.238	983	255	26,0%
Fjárfestingarhreyfingar	-815	-1.617	802	-49,6%
Fjármögnunarhreyfingar	-732	-682	-50	7,3%
Handbært fé í lok tímabils	1.823	2.653	-829	-31,3%
Lykiltölur				
Framlegð af vörusölu	21,1%	23,3%	-2,2 p.p.	-9,5%
EBITDA/framlegð	22,5%	30,5%	-8,0 p.p.	-26,3%
Laun/framlegð	59,0%	52,4%	+6,5 p.p.	12,5%
Fjárfestingar	852	1.904	-1.051	-55,2%
Veltuhraði birgða	7,3	8,3	-1,0	-12,0%

Rekstur 1. ársfjórðungs 2023

Rekstur samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi gekk ágætlega og í samræmi við áætlanir félagsins. Rekstrarumhverfið var áfram krefjandi vegna áhrifa verðbólgu á vöruverð og allan rekstrarkostnað. Vörusala jókst um 20,0% milli ára en mikil aukning var í dagvörusölu, eldsneytissölu og sölu á raftækjum. Heilt yfir var magnaukning á flestum sviðum rekstrar nema lækkun var í sölu eldsneytis til stórnotenda milli ára. Mikill hækkun á verðum í innkaupum á vörum hafði sem fyrr áhrif á framlegðarstig sem lækkaði um 2,2 p.p. milli ára. EBITDA N1 var 302 millj. kr. verri en árið áður en afkoma af olíuvörnum var 174 millj. kr lægri en árið áður. EBITDA Krónunnar var 102 millj. kr. betri en EBITDA ELKO var 93 millj. kr verri en árið áður. EBITDA félagsins nam 1.401 millj. kr. sem er 348 millj. kr. verri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

Tekjur 1. ársfjórðungs 2023

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 29.484 millj. kr. sem er um 20,0% aukning milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 15.383 millj. kr. sem er aukning um 24,1% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 8.361 millj. kr. sem er aukning um 18,3% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 3.846 millj. kr. sem er 13,2% aukning milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 1.894 millj. kr. sem er aukning um 10,9% milli ára.

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala				
Dagvörur	15.383	12.399	2.984	24,1%
Eldsneyti og rafmagn	8.361	7.067	1.295	18,3%
Raftæki	3.846	3.397	448	13,2%
Aðrar vörur og þjónusta	1.894	1.708	186	10,9%
Samtals vöru-og þjónustusala	29.484	24.572	4.912	20,0%
Aðrar rekstrartekjur	497	431	66	15,4%
Tekjur samtals	29.980	25.002	4.978	19,9%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 24,1% milli ára en verslunum Krónunnar fjölgaði um tvær frá fyrra ári með opnun nýrrar verslunar í Borgartúni í maí sl. og á Akureyri í desember sl. Krónan opnaði einnig nýja stærri verslun í Skeifunni í byrjun júlí en lokaði minni verslun í sama hverfi á sama tíma. Þá kemur rekstur Icelandic Food Company inn í samstæðuna frá 1. janúar 2023 en tekjur félagsins koma undir dagvörusölu. Tekjur af eldsneyti og rafmagni hækkuðu um 18,3% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 5-7 % milli vörutegunda. Selt magn nam um 41,4 millj. lítra sem er 12% minnkun milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 13,2% milli ára sem skýrist helst af aukningu í verslun í Skeifunni og á Keflavíkurflugvelli. Tekjur af öðrum vörum og þjónustu aukast um 10,9% milli ára en N1 opnaði nýtt verkstæði fyrir bifreiðþjónustu sína í Klettagörðum í september sl.

3. maí 2023 – Afkomutilkýning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2023
Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 1. ársfjórðungi 2023

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.227 millj. kr. sem er 8,6% aukning milli ára.
- Framlegð af dagvörusölu nam 3.471 millj. kr. sem er aukning um 20,6% milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.130 millj. kr. sem er 144 millj. kr. lægri en árið áður. Framlegðarstig nam 13,5% og lækkar um 4,5 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 927 millj. kr. sem er aukning um 1,3% milli ára.
- Framlegð af öðrum vörum og þjónustu nam 700 millj. kr. sem er aukning um 5,1% milli ára.

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu				
Dagvörur	3.471	2.879	592	20,6%
Eldsneyti og rafmagn	1.130	1.274	-144	-11,3%
Raftæki	927	915	12	1,3%
Aðrar vörur og þjónusta	700	666	34	5,1%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.227	5.734	493	8,6%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.227 millj. kr. samanborið við 5.734 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2022 sem er 8,6% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 3.471 millj. kr. sem er 20,6% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.130 millj. kr. sem er um 144 millj. kr. samdráttur milli ára. Neikvæður mismunur í hagnaði af eldsneytisvörunum nemur 174 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 927 millj. kr. sem er 1,3% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu nam 700 millj. kr. sem er 5,1% aukning milli ára.

Rekstrarkostnaður 1. ársfjórðungs 2023

- Rekstrarkostnaður á 1F 2023 var 5.323 millj. kr. og hækkar um 908 millj. kr. milli ára eða um 20,6%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 666 millj. kr. eða um 22,2% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.294 á fjórðungnum sem er fjölgun um 12,2% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 241 millj. kr. eða um 17,1% milli ára.

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður				
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.673	3.006	666	22,2%
Annar rekstrarkostnaður				
Rekstarkostnaður fasteigna	512	430	82	19,1%
Viðhaldskostnaður	302	231	72	31,1%
Sölu og markaðskostnaður	348	305	44	14,3%
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	123	109	14	12,7%
Samskiptakostnaður	237	198	39	19,8%
Vátrygginga og tjónakostnaður	34	63	-29	-46,4%
Annar kostnaður	95	75	20	27,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.651	1.409	241	17,1%
Samtals rekstrarkostnaður	5.323	4.416	908	20,6%

3. maí 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2023

Laun og annar starfsmannakostnaður á 1F 2023 nam 3.673 millj. kr. samanborið við 3.006 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 22,2% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.294 á fjórðungnum sem er fjölgun um 140 stöðugildi eða 12,2% milli ára. Tvær samningsbundnar launahækkanir tóku gildi á milli tímabilanna eða apríl 2022 og í nóvember 2022 sem höfðu 266 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára. Þá nam viðbótarkostnaður vegna aukinna stöðugilda 329 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og launatengd gjöld samtals 1F 2022	3.006
Stöðugildi - breyting	329
Samningsbundnar launahækkanir	266
Orlofsskuldbinding	8
Annar starfsmannakostnaður	63
Laun og launatengd gjöld samtals 1F 2023	3.673

Annar rekstrarkostnaður nam 1.651 millj. kr. samanborið við 1.409 m.kr. á 1F 2022, sem er hækkun um 17,1% milli ára. Aukningin er að mestu vegna fjölgunar verslana milli ára og aukningu í sölutengdum kostnaði s.s. veltutengdri húsaleigu og færsluhirðingu. Þá gætir áhrifa verðbólgu á alla kostnaðarliði í samanburði milli ára.

Fjármagnsliðir 1. ársfjórðungs 2023

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 669 millj. kr. samanborið við 351 millj. kr. frá árinu áður. Aukningin er því 318 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 27 millj. kr. og lækka um 2 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 818 millj. kr. og hækkuðu um 375 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna námu 122 millj. kr. og hækkuðu um 59 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	27	29	-2	-6,0%
Fjármagnsgjöld	-818	-443	-375	84,7%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	122	63	59	93,8%
Samtals	-669	-351	-318	90,6%

Fjármagnstekjur nema 27 millj. kr. sem er 6,0% lækkun frá fyrra ári. Fjármagnsgjöld nema 818 millj. kr. og hækka um 375 millj. kr. milli ára vegna áhrifa af hækkunum stýrivaxta Seðlabankans milli ára. Áhrif hlutdeildarfélaganna nema 122 millj. kr. og hækka um 59 millj. kr. milli ára.

3. maí 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2023
Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 1. ársfjórðungs 2023

- Heildar eignir námu 94.148 millj. kr. í lok 1F 2023 og hafa aukist um 775 millj. kr. á árinu.
- Fastafjármunir námu 71.723 millj. kr. og hafa aukist um 273 millj. kr. á árinu.
- Veltufjármunir námu 22.425 millj. kr. og hafa aukist um 502 millj. kr. á árinu.
- Eiginfjárlutfall félagsins var 34,9% í lok 1F 2023 samanborið við 36,9% í árslok 2022.
- Handbært fé nam 1.823 millj. kr. í lok 1F 2023 sem er lækkun um 289 millj. kr. frá áramótum.

Milljónir króna	31.3.2023	31.12.2022	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.842	14.862	-20	-0,1%
Aðrar óefnislegar eignir	4.434	4.517	-83	-1,8%
Rekstrarfjármunir	34.993	34.815	178	0,5%
Leigug eignir	8.082	8.012	70	0,9%
Fjárfestingarfasteignir	6.504	6.479	25	0,4%
Birgðir	14.197	13.086	1.112	8,5%
Viðskiptakröfur	5.794	5.960	-166	-2,8%
Handbært fé	1.823	2.112	-289	-13,7%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	30.119	30.014	105	0,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	28.296	27.902	394	1,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir	36.823	36.328	495	1,4%
Eignfjárlutfall	34,9%	36,9%	-2,0 p.p.	-5,3%
Veltuhraði vörubirgða	7,3	8,3	-1,0	-12,0%

Viðskiptavild nam 14.842 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.434 millj. kr. í lok 1F 2023. Rekstrarfjármunir námu 34.993 millj. kr og hækka um 178 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 6.504 millj. kr. og hækka um 25 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 1.112 millj. kr. frá áramótum. Fjárbinding í eldsneytisbirgðum eykst um 381 millj. kr. og í dagvörum um 661 millj. kr. vegna árstíðasveiflu í rekstrinum. Viðskiptakröfur lækka um 166 millj. kr. og aðrar skammtímakröfur um 155 millj. kr.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu samtals 28.296 millj. kr. sem er hækkun um 394 millj. kr. frá áramótum. Arður samþykktur á aðalfundi í mars að fjárhæð 914 millj. kr. og var greiddur í apríl sl. er færður meðal skammtímaskulda í efnahag í lok mars. Eiginfjárlutfall félagsins var 34,9% í lok 1F 2023 samanborið við 36,9% í lok árs 2022. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur í lok tímabilsins.

3. maí 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2023

Sjóðstreymi 1. ársfjórðungs 2023

- Handbært fé frá rekstri á 1F 2023 var 1.238 millj. kr. sem er aukning um 255 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 815 millj. kr. sem er lækkun um 802 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 732 millj. kr. sem er aukning um 50 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi				
Handbært fé í byrjun tímabils	2.112	4.003	-1.891	-47,2%
Handbært fé frá rekstri	1.238	983	255	26,0%
Fjárfestingarhreyfingar	-815	-1.617	802	-49,6%
Fjármögnunarhreyfingar	-732	-682	-50	7,3%
Gengismunur af handbæru fé	20	-34	54	-159,6%
Breyting á handbæru fé	-309	-1.316	1.008	-76,5%
Handbært fé í lok tímabils	1.823	2.653	-829	-31,3%

Handbært fé frá rekstri á 1F 2023 nam 1.238 millj. kr. sem er aukning um 255 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar námu 852 millj. kr. sem er lækkun um 1.047 millj. kr. milli ára. Afborganir af leiguskuldum voru 197 millj. kr. og kaup á eigin bréfum 533 millj. kr. Handbært fé lækkaði um 309 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2023 og nam 1.823 millj. kr. í lok 1F 2023.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2023

EBITDA spá félagsins nemur 9.750 - 10.250 millj. kr.

CAPEX áætlun félagsins nemur 4.500 – 5.000 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð.
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Eiginfjárhlutfall félagsins er 34,9% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru ágætar og er félagið vel í stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

3. maí 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2023

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 1F 2023 nam 55,1 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 1.268 í lok 1F 2023.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 4. maí 2023

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 4. maí þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármálasviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/cc/uppgjor-1f-2023>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: www.festi.is/r/fjarhagsupplysingar

Fjárhagsdagatal

- 1F 2023: 3. maí 2023
- 2F 2023: 26. júlí 2023
- 3F 2023: 25. október 2023
- 4F 2023: 7. febrúar 2024
- Aðalfundur 2024: 20. mars 2024

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (mki@festi.is).